

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 15. apríl kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1204. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir.
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurbakki 2 - USK24020030

Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofur á 1. hæð og í kjallara, í rými þar sem áður var verslunar- og þjónusturými í mhl. 16 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Erindi fylgir yfirlit breytinga, brunahönnun frá EFLU dags. 10. september 2024, greinargerð um athugasemdir skipulagsfulltrúa, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2024 og bókun skipulagsfulltrúa dags. 13. febrúar 2025 þar sem ekki er gerð athugasemd við erindið.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Álfabakki 2A - USK25030304

Sótt er um leyfi til að breyta USK23080010 þannig að breytingar verða á rýmisnúmerum, kjötvinnsla minnkar og gerðar eru smávægilegar breytingar á innra skipulagi 1. hæðar í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 2A við Álfabakka.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar.

3. Álfheimar 74 - USK25040024

Sótt er um leyfi til að sameina rými 0101 og 0141 og innrétta dagvöruverslun í rými 0101 á 1. hæð í verslunarhúsi á lóð nr. 74 við Álfheima.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Ármúli 34 - USK25010277

Sótt er um leyfi til að innrétta "Konukot" fyrir 12 skjólstæðinga á 2. hæð og tímabundið búsetuúrræði fyrir 6 skjólstæðinga á 3. hæð í húsi á lóð nr. 34 við Ármúla.
Erindi fylgir staðfesting vegna brunaviðvörunarkerfis dags. 16. apríl 2024 og úttekt á brunaviðvörunarkerfi dags. 28. júní 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Baldursgata 23 - USK25020301

Sótt er um leyfi til þess að sameina mhl.02 og mhl.70 og fyrir áður gerðum breytingum á núverandi útliti og innra skipulagi vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir íbúðarhús á lóð nr. 23 við Baldursgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Barónsstígur 11A - USK24100260

Sótt er um leyfi til að breyta veitingahúsi, mhl.01, í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með tveimur íbúðum og til þess að hækka hús nr. 11B, mhl.02, um tvær hæðir og til þess að sameina matshluta 01 og 02 á lóð nr. 11A við Barónsstíg.

Stækkun: 57.9 ferm., 207.1 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 7. janúar 2025, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 29. september 2020, greinargerð frá hönnuði dags. 4.mars 2025 og 18. ágúst 2020, varmatapsútreikningar dags. 30. september 2020 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 23. september 2003.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

7. Barónsstígur 47 - USK24100359

Sótt er um leyfi til þess að innrétta gististað í fl. II, teg. D í hluta 2. hæðar atvinnuhúss á lóð nr. 47 við Barónsstíg. Erindi fylgir mæliblað 1.193.1.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

8. Bergstaðastræti 34 - USK25020086

Sótt er um leyfi til að stækka kjallara til vesturs og byggja viðbyggingu og svalir á 1. hæð, stækka kjallaraglugga og gera hurð úti garð, auk þess að að færa útlit til upprunalegs horfs og byggja hjólageymslu við einbýlishús á lóð nr. 34 við Bergstaðastræti.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra, samþykki eigenda Bergstaðastrætis 34b og 36, greinargerð aðalhönnuðar dags. 19. febrúar 2025 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 26. febrúar 2025.

Erindi var grenndarkynnt frá 5. mars 2025 til og með 2. apríl 2025. Engar athugasemdir bárust.

Stækkun: 30,7 ferm.,

Eftir stækkun: 123 ferm., 340,8 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa

9. Blesugróf 27 - USK24120094

Sótt er um leyfi til þess að leggja niður starfsemi dagvistunar, breyta innra skipulagi og notkun húss í einbýlishús á lóð nr. 27 við Blesugróf.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 3. júní 2008.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

10. Borgartún 33 - USK25030034

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030278 sem snýr að því að færa útidyrarhurð utar, bæta við innihurð og gera þannig anddyri og breyting á inniveggja í húsi nr. 33 við Borgartún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Brautarholt 16 - USK24030336

Sótt er um leyfi til að byggja tvær hæðir ofaná, efri hæðin inndregin, fjarlægja austara stigahús, breyta gluggum, byggja svalir, koma fyrir lyftu og innrétta gististað í flokki II, teg. b., 39 gistirými fyrir 94 gesti á efri hæðum og hluta 1. hæðar, verslunarrými á jarðhæð, gera þaksvalir á 5. hæð vesturbyggingar, sameina mhl. 02 og 03 og innrétta tvær vinnustofur og sorpgeymslu í bakhúsi á lóð nr. 16 við Brautarholt.

Stækkun: 529,5 ferm., 1.735,1 rúmm.

Eftir stækkun: 1.700,3 ferm., 5.639,9 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. júlí 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Eiríksgata 29 - USK24070152

Sótt er um leyfi til að innrétta fjóra gististaði í flokki II, teg x, minna gistiheimili, eitt á hverri hæð, fyrir samtals 28 gesti í fjölbýlishúsi á lóð nr. 29 við Eiríksgötu. Erindið var áður á dagskrá afgreiðslufundar byggingarfulltrúa 27. ágúst 2024 þar sem því var synjað með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2024.

Ákvörðun byggingarfulltrúa frá 27. ágúst 2024 er afturkölluð, sbr. 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

13. Geirsgata 17 - USK25020326

Sótt er um leyfi breyta innra skipulagi og innrétta kaffihús, veitingastað í flokki I, tegund e fyrir 21 auk 10 gesta á útisvæði gesti í rými 0103 og koma fyrir tveimur skiltum á verslunar- og þjónustuhús við Geirsgötu 17, mhl.05, á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. Grandagarður 17 - USK24020267

Sótt er um leyfi til þess að gera nýtt hurðargat og koma fyrir eldvarnarhurð milli rýmis 0105 og þurrlagersgeymslu- og inntaksrýmis, rými 011, í Mathöll Granda á 1. hæð í verkstæðishúsi nr. 16 við Grandagarð.

Erindi fylgir minnisblað hönnuðar vegna breyttrar erindislýsingar dags. 21. mars 2025, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. apríl 2024, yfirlit breytinga á teikningum afgreiddum 26. júlí 2022 og yfirlit breytinga á óstimpluðum aðaluppdrátti dags 13. júlí 2022.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

15. Grensásvegur 1 - Bílakjallari (mhl. 05) - USK25030284

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058350, með síðari breytingum BN059226 og BN060034 vegna lokaúttektar þannig að brunavarnir eru uppfærðar í bílakjallara, mhl.05, á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 12. október 2021

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

16. Grensásvegur 1F - USK25030283

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058797, með síðari breytingu USK25010212 vegna lokaúttektar þannig að bætt er við hurð milli rýma 0036 og 0091 og hurðaoöppun snúið við í kjallara, auk þess sem örugg biðsvæði eru uppfærð á 7. hæð í íbúðar- og skrifstofuhúsi við Grensásveg 1a og 1f, mhl.02, á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Erindi fylgir og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 11. febrúar 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

17. Hamrahlíð 17 - USK25020171

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060168 þannig að innra skipulagi 5. hæðar er breytt auk þess sem gluggum og hurðum á vesturhlið hæðarinnar breytt í samræmi við glugga á 6. hæð í húsi Blindrafélagsins á lóð nr. 17 við Hamrahlíð.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 11. febrúar 2025 og yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

18. Hellusund 6A - USK25020360

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060793, með síðari breytingu24040107 vegna lokaúttektar, þannig að brunavörnum er breytt lítillaga og kafla um brunavarnir uppfærður fyrir skrifstofuhús á lóð nr. 6A við Hellusund.
Erindi fylgir greinargerð um sambrunahættu dags. 14. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 20. febrúar 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

19. Hraunberg 8 - USK25010217

Sótt er um leyfi til að byggja tvær einnar hæðar viðbyggingar með tengigangi á milli og yfir í eldra verknámshús Fjölbrotarskólans í Breiðholti og verður mhl. 02 á lóð nr. 8 við Hraunberg.
Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir frá Öruggr dags. 18. mars 2025, - um ábyrgðarsvið hönnuða ódagsett, hljóðvistargreinargerð I frá Myrru dags. 16. desember 2024, orkurammai dags. 15. janúar 2025, svör við minnisblaði hverfisskipulags dags. 7. apríl 2025, svör við athugasemdum byggingarfulltrúa dags. 3. apríl 2025, minnisblað Tark dags. 18. mars 2025 og greinargerð Tark um lóðafrágang dags. 6. mars 2025.
Stærð mhl. 02, A-rými: 2.751,1 ferm., B-rými: 67,5 ferm., 15.991,5 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

20. Hringbraut 121 - USK25030194

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24040341 þannig að innra skipulagi er breytt á 1. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 121 við Hringbraut.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og hæðarblað dags. 04.2002

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Hverfisgata 105 - USK25030331

Sótt er um (aðurgert/eftirgert) leyfi til að breyta útliti hússins sem snýr að gluggum, hurðum og svölum í húsi nr. 105 við Hverfisgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Háteigsvegur 9 - USK24100196

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24030337 þannig að útlitsteikningar og sneiðmyndir eru leiðréttir og sýna nú óbreyttan skorstein gamla ketilshússins í húsi Mjólkursamsölnunnar á lóð nr. 54 við Snorrabraut.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 30. mars 2025 og yfirlit breytinga á afriti af innsendum aðalteikningum.

Frestað. Lagfæra skráningu.

23. Hólmgarður 30 - USK25010105

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057238 sem snýr að því að horfið er frá áformum um að reisa steypa viðbyggingu til suðurs ásamt steypum svölum á 2. hæð og þaksvölum ofan á 2 hæð. Í stað þess er sótt um að setja svalir framan við kvist á rishæð sem áður áttu að vera þaksvallir í húsi nr. 30 við Hólmgarð.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

24. Korngarðar 3 - USK25030245

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi lítilla, koma fyrir 127 fermetra milligólfi úr stáli fyrir vélabúnað og bæta við færibaldi í rými 0101 í vöruhúsi á lóð nr. 3 við Korngarða.

Erindi fylgir afrit aðaluppdráttu samþykktum 18. september 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Köllunarklettsvegur 10 - USK25030025

Sótt er um leyfi til að klæða með áli skrifstofuhluta atvinnuhúss á lóð nr. 10 við Köllunarklettsveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

26. Laugarnesvegur 77 - USK25020359

Sótt er um leyfi til þess að stækka að lóðarmörkum til vesturs og breikka til suðurs bílskúr, mhl.03, við íbúðarhús á lóð nr. 77 við Laugarnesveg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 28. mars 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar dags. 1. september 2020.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Laugavegur 1 - USK25010147

Sótt er um leyfi til þess að endurgera hús og byggja nýbyggingu á bakhlið húss á lóð nr. 1 við Laugaveg. Erindi fylgir mæliblað 1.171.0 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. maí 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Laugavegur 163 - USK25030286

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta sem tvær vinnustofur rými 0102 á jarðhæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 163 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Laugavegur 35 - USK25030242

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059397 þannig að innra skipulagi er breytt í Laugavegi 33 og í íbúð 0502 við Vatnssstíg, kvistur gerður á bakhlið Laugavegar 35, færa stiga úr Laugavegi 33 í Laugaveg 35, þykkja timburgólf í húsum að Laugavegi og koma fyrir ræstiherbergi í verslun 0205 í húsum á lóð nr. 35 við Laugaveg.

Erindi fylgir greinargerð um lofthæð í hluta hótélherbergja dags. 1. apríl 2025.

Stækkun mhl. 01: 69,3 ferm.

Mhl. 01 eftir breytingu: 5.492 ferm., 16.066,9 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Laugavegur 66-68 - USK25020125

Sótt er um leyfi til þess að innrétta veitingastað í flokki 1 tegund e fyrir 20 gesti í rými 0105 á 1. hæð í hótél- og verslunarhús, mhl.01, á lóð nr. 66-68 við Laugaveg.

Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 10. mars 2025, afrit af þjónustusamningi við Fagtækni dags. 8. maí 2019, teikning samþykkt 18. nóvember 2018 og sýnir búningaöðstöðu starfsfólks á 2. hæð og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar dags. 4. september 2018.

Frestað. Lagfæra skráningu.

31. Njálsgata 1 - USK24090143

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23110085 vegna lokaúttektar þannig að staðsetningu og útfærslu á útblástursröri frá veitingastað, rými 0001, er breytt, tilhögun á lóð og staðsetningu sorps er breytt og kæligeymslu komið við norðurhlið íbúðar- og þjónustuhúss á lóð nr. 1 við Njálsgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afrita aðaluppdráttu samþykktum 20. febrúar 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Njálsgata 84 - USK25030026

Sótt er um leyfi breyta notkun vinnustofu, mhl.02, í aukaíbúð í eigu íbúðar 0301 í fjölbýlishúsi, mhl.01, á lóð nr. 84 við Njálsgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Óðinsgata 32B - USK24100115

Sótt er um heimild til að byggja sólþall, breyta flóttaleið og gera skyggni yfir anddyri húss á lóð nr. 32B við Óðinsgötu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

34. Skrauthólar 5 - USK24080326

Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar einbýlishús úr timbri á lóð nr. 5 við Skrauthóla.

Stærð: 149,. ferm., 521.1 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett greinargerð hönnuðar.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

35. Skólavörðustígur 40 - USK24120055

Sótt er um leyfi til þess að breyta eignarhaldi á hluta virkisrýmis og gera geymslu, rými 0402, í eigu íbúðar 0401 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 40 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi á teikningu Zeppelin arkitekta nr. 0104 (G) dags. 7. september 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. febrúar 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Sogavegur 71 - USK25020130

Sótt er um leyfi til að byggja óupphitaða útigeymslu á lóð nr. 71 við Sogaveg. Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. apríl 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. apríl 2025.

37. Suðurhlíð 35 - USK25030243

Sótt er um áðurgerðar framkvæmdir á lóð nr. 35 við Suðurhlíð
Erindi fylgir yfirlit breytingar og lóðaruppráttur 1.788.1 dags. 21.05.2012

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Suðurrhólar 10 - USK25020231

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra og ytra byrði skólahúsnaðis á lóð nr.10 við Suðurrhólar
Erindi fylgir yfirlit breytingar og hljóðvistargreinagerð dags. 22.1.2025 mæliblað 4.663.0 dags.
29.11.1973, hæðarblað dags. 7 okt. 1973

Stærðir:

Stækkun

Ferm. 291,4 Rúmm. 745,2

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

39. Tunguháls 11 - USK25030334

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059489, með síðari breytingum BN060510, BN061181, BN061375 og USK23100366 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt lítillega og eldvarnir og flóttaleiðir eru uppfærðar í vöru- og skrifstofuhúsi nr. 11, mhl.02, á lóð nr. 9-11 við Tunguháls..

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Tunguháls 6 - USK24080135

Sótt er um leyfi til þess að breyta tilhögun lóðar, fjölga bílastæðum, setja upp stoðveggi og stálgirðingar, koma fyrir gámum og steiptum hólfum fyrir jarðvegsúrgang á lóðarmörkum lóðar nr. 8 við Tunguháls, færa innkeyrslu til suðurs að lóðarmörkum lóðar nr. 2 við Tunguháls, rífa tvo kornsílóa, mhl.02 og mhl.03 og til að reisa 1- 4-hæða viðbyggingu auk kjallara fyrir verkstæði, lager, skrifstofu- og starfsmannaðstöðu, upp að austurhlíð iðnaðarhúss á lóð nr. 6 við Tunguháls.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stærð niðurrifs:

Mhl.02: 6.2 ferm., 41.9 rúmm.

Mhl.03: 6.2 ferm., 41.9 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett samþykki aðliggjandi lóðarhafa mæli- og hæðablöð og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrátta samþykktum 18. maí 2021

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir sbr. niðurstaða afgreiðslu á embættisfundi skipulagsfulltrúa dags. 3. apríl 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Urðarstígur 16 - USK24100345

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun íbúðarhúss í gististað í flokki ll tegund g, fyrir allt að 10 gesti og bæta við flóttaleið með því að gera brú yfir kjallarainngang á vesturhlið húss á lóð nr. 16 við Urðarstíg.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24040268 umsókn um áður gerðar breytingar. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. febrúar 2025 fylgir erindi.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. október 2024 og sem hluti af teikningasetti, yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 13. nóvember 1986.

Synjað.

Með vísan í bréf lögfræðideildar skrifstofu stjórnsýslu og gæða hjá umhverfissviði Reykjavíkurborgar dags. 8. apríl 2025.

42. Urðarstígur 16 - USK24040268

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti þannig að stigi á milli kjallara og 1. hæðar er fjarlægður, þvottahús og geymslur hafa verið fjarlægðar, viðbygging var aðeins byggð að hluta og gryfju meðfram norðurgafli hefur verið lokað af að hluta og nýtt sem inntaksrými fyrir íbúðarhús á lóð nr. 16 við Urðarstíg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. október 2024, skýrsla um húsaskoðun dags. 6. ágúst 2024, greinargerð brunavarna dags. 23. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrátta samþykktum 13. nóvember 1986.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Vesturgata 2 - USK25020150

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059607 þannig að hætt er við Mathöll og þess í stað innréttaður veitingastaður og vínbar í flokki 3 tegund b fyrir alls 480 gesti skipt milli kjallara, 1. og 2. hæðar með skrifstofum og starfsmannarýmum á 3. hæð í húsi á lóð nr. 2 við Vesturgötu.

Erindi fylgir skýrsla Öruggr um brunahönnun dags. 25. febrúar 2025 og afrit af samþykktum aðaluppdráttum samþykktum 24. maí 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Ægisíða 56 - USK25030330

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og eignarhaldi þannig að svefnherbergi íbúðar 0101 verður hluti af íbúð 0001, hurðargati að íbúð 0101 verður lokað og nýtt gert milli herbergis og stofu íbúðar 0001 í íbúðarhúsi á lóð nr. 56 við Ægisíðu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrátta samþykktum 12. janúar 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 11:40

Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir